



FRÉTTABRÉF

FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

4.tbl. Nóvember 2023

Hagleiksmaðurinn Magnús Kristmannsson er fæddur í Vestmannaeyjum 6. september 1953 og því nýlega orðinn sjötugur. Magnús er kominn af miklu handverksfólki en faðir hans Kristmann Magnússon var mikill völundur sem eftir liggja fjöldi fagurra muna eins og t.d. aska ofl. að ónefndum heimsins bestu magasleðum. Hólmfríður móðuramma Magnúsar var mikil þrjóna- og sumakona sem framleiddi m.a. ullarnærför, föðurland, á unga sem aldna. Félag trérennismiða hefur notið velvildar Magnúsar og Fjölbrautar árum saman með fundaraðstöðu í smíðastofu skólans, sem sem þakka ber.

Myndir af verkum Magnúsar Kristmannssonar



Í dag erum við komin í skúrinn hjá félagi Guðmundi R. Óskarssyni fyrrum kennara við Tækniskólann.

Hvenær kynntistu trérennismíðinni Guðmundur? Fyrstu kynni mín af rennibekk er þegar ég var 10-11 ára og þabbi bjó til rennibekk þar sem ég renndi ýmsa smáhluti en eflaust var samlímdi lampinn úr bæði dökkum og ljósum við bitastæðasti hluturinn sem ég renndi á þessum tíma.

Það er svo ekki fyrr en 1972 að ég byrjaði að renna aftur eftir að ég keypti mér Emko Star sambyggða trésmíðavél sem var með rennibekk. Þetta er fremur lítil vél sem ég á enn og hefur verið mjög lítið í notkun því ég datt í annarskonar föndur, en það er að vinna með CNC fræsara.

Með þessum rennibekk útbjó ég ýmsa hluti, svo sem barnavögg, kökubakka, og kertastjaka af ýmsum gerðum.

Um það leiti sem Gunnar Ásgeirs fór að flytja inn aðventuljós frá Svíþjóð fór ég að útbúa aðventuljós með ýmsu útliti til jólagjafa fyrir mína nánustu.

Það er svo um það leiti sem Iðnskólinn í Reykjavík fjárfestir í CNC fræsara sem er tölvustýrður yfirfræsari, að áhugi minn vaknar fyrir slíku tæki.

Í upphafi var hann keyrður í Dos umhverfi, en það var ekki fyrr en fræsarinn var keyrður í Windows umhverfi að ég fór á fullu að nýta mér hann.

Eins og gengur og gerist byrjaði ég að vinna með svokölluð einfaldari 2D verkefni en færði mig upp á skaftið eftir því sem tíminn leið og þegar leið að því að hefði ekki lengur aðgang að fræsara skólans fjárfesti ég í öflugum 3D tæki til privíddar fræsinga, hvað er nauðsynlegra en eiga slíka græju í skúrnum?

Nú leitar hugurinn að því að reyna að blanda þessum tveimur vinnsluformum í eitt og sama verkefnið því fjárfesti ég fyrir ári síðan í alvöru rennibekk að ég held, sem er reyndar enn í kössunum því það hefur vafist fyrir mér að taka til í bílskúrnum svo ég geti komið honum fyrir. Erfitt að ákveða hverju skal henda og hverju skal halda en það kemur að því að ég nái að ljúka þessari hreinsun og þegar það hefur gerst verður konan mín heldur betur glöð því hún hefur miklu meiri áhyggjur af þessu ástandi í skúrnum en ég.

Hef aðeins enn sem komið er prófað að sameina þetta í einu verkefni, en það er lurkur sem ég renndi og fræsti síðan skeggjaðann kall sem ég bjó til í 3D verk af 2D mynd sem ég fann í PINTEREST.

Nú er heldur betur stór áskorun í gangi í slíku samsettu verkefni. Það er skál samsett út 4-5 viðartegundum, verkefni sem ég fann á PINTEREST.

Ætla allavega að byrja á grunnri skál til að sjá hvernig það kemur til að ganga og er búinn að teikna verkefnið upp til vinnslu fyrir fræsarann. Byrjaði á því að fræsa út í línolemum dúk til að sjá hvort teikningin gengi upp. Það gekk mjög vel. Prófaði síðan að fræsa í við en það gekk ekki nógu vel því fræsistönnin sem ég notaði sem er 4mm fræsti 5,3mm rauf og urðu þá stykkinn eilítið of lítil og féllu því ekki alveg rétt saman.

En þó tönnin fræsi þetta í yfirstærð þá var það mjög jafnt og því hægt að reikna með þessari yfirstærð eða prófa sverari tönn. Nú er bara að prófa sig áfram og finna réttu lausnina og hef enga trú á öðru en það takist.

Þó svo að maður sé lunkinn í ýmsu þá má segja að það vanti töluvert uppá í sambandi við yfirborðsmeðferðina og ýmsu fleira eins og ég hef kynnst hjá ykkur snillingunum í trérennifélaginu á fundunum. Framanaf voru verkefnið lituð, lökkuð eða máluð.



Nýi rennibekkurinn kominn upp



Guðmundur við privíddarvélinu



2 D fræsing.



3 D fræsing



Nágrannavarsla.

Ég er Veggfóðrari og dúklingarmeistari sem ætlaði á sínum tíma að verða trésmíður eins og pabbi. En það æxlaðist svo þegar ég var 16 ára að ég fór í dúkarann, en sagði að ég gæti alltaf farið síðar í trésmíðina. Það kom að því að ég varð að standa við það því ég tók skólann í smíðinni og lét FVA (Fjölbrautastkóli Vesturlands Akranesi) útskrifa mig árið 2015.

Þar sem það var ekki ýkjamiðið sem ég þurfti að bæta við mig í húsgagnasmíðinni lauk ég því skólagöngunni í húsgagnasmíðinni og útskrifaðist frá Tækniskólanum 2018, Ég sagði einmitt við kennarana mína að ég væri að læra húsgagnasmíðina til að geta fönðrað af fagmennsku í bílskúrnum.



Verkefni í þróun.



Verkefni í vinnslu.



Aðventuljós.



Þrívíddarskurður.



Blómaker.



HUGLEIÐING RITSTJÓRA

Engilbert Gíslason

Sög er ekki bara sög, við vitum til hvers sögin er, hún er verkfæri til að skera í sundur efni, t.d. við. Hún hefur tennt blað og er ýmist knúin áfram með handafli (handsög), rafmangi, gufuafli, eldsneyti eða vatni. Blaðið er oft gert úr stáli. Þetta þekkjum við vel, en hvernig hefur þróunin verið. Grömsum aðeins í sögunni.

Fyrstu sagirnar frá forsögulegum tíma voru gerðar úr tinnuflögum, sem skörð voru höggvín í og fest í handarhald úr viði eða beini.

Sagir, sem voru það stórar að hægt var að fella með þeim tré, voru ekki búnar til fyrr en maðurinn fór að bræða málmgrýti. Forn-Egyptar notuðu sagir úr eir, en Rómverjar járn sagir ekki ólíkar þeim sem notaðar eru núna.

Fyrr á öldum voru trjábolir ristir niður í borð (borðvið) með handafli, en til þess voru notaðar tvískeftar stórviðarsagir og klósagar. Trjábolunum var komið fyrir á trönunum, sem reistar voru yfir steinlagða gryfju, og unnu síðan tveir menn að söguninni. Annar mannanna stóð upp á trönunum, en hinn niður í gryfjunni. Sá sem stóð uppi dró sögina upp og sá um að sögin fylgdi krítarstrikinu, sem saga átti eftir. Sá sem niðri var dró sögina niður og hafði oft barðastóran hatt á höfði til að fá ekki sag í andlitið.

Um 1420 fann þýskur hugvitsmaður upp sög, sem drifin var af vatnsmyllu. Sagarblaðið gekk upp og niður eins og sagað hafði verið með stórviðar- og klósögum. Vatnssagir voru annað hvort með einu blaði eða mörgum, sem spennt voru í grind og þannig hægt að saga mörg borð eða planka í einu.

Talið er að ein elsta vatnssög í Noregi hafi verið byggð í Larvík árið 1540. Á byggðasafninu í Hjerl Hede í Danmörku er til bolsög frá því um 1880, sem drifin er með gufuafli. Blaðið í söginni er lárétt og nefnist skurður sagarinnar bolskurður.

Um 1781 byrjaði Walter Taylor myllusagari frá Southampton á Englandi að rista trjáboli með hringlaga sagarblaði, hjólasög, sem drifin var með mylluhjólsafli sem vatn árinna Itchen sneri.

Sagartennur eru ekki bara einhverjar beyglur skornar í blað, nei þær eru sérhannaðar og skerptar þannig að hver tönk tekur með sér spón úr viðnum, þegar sagað er. Tennur sagarinnar eru skekktar eftir ákveðnum reglum, en skekking er það þegar hver tönk er beygd sitt til hvorrar hliðar. Almennar reglur um skekkingu tanna er sú, að aldrei má skekkja tennur meira en 1/3 af tannhæð.



Klósög.



Stórviðarsög.



FRÉTTABRÉF
FÉLAGS
TRÉRENNISMIÐA
Á ÍSLANDI

Ritstjóri: Engilbert Gíslason Pistlahöfundar: Engilbert Gíslason • Örn Ragnarsson
• Ebenezer Bárðarson Ljósmyndir: Guðmundur R. Óskarsson
Umbrot & Prentun: Prentun.is • Bæjarhrauni 22



VESTURFARAR

Ebenezer Bárðarson

Sunnudaginn 1. október síðastliðinn var haldið af stað í leiðangur á Vestfirði; á Ísafjörð, Suðureyri, Þingeyri og Hólmavík. Í ferðinni voru Örn formaður og Lýður og Ebenezer voru meðreiðarsveinar. Tilgangur ferðarinnar var eins og áður í sams konar ferðum að kynna dásæmdir trérennismíða.

Þegar komið var á Hólmavík var gert stutt stopp til að pulsa sig upp á leiðinni til Ísafjarðar. Við vorum svo mættir um 14:30 í gamla Herkastalann (heitir núna Mánagisting) þar sem gist var og við komum okkur fyrir. Skyndilega áttuðum við okkur á að klukkan var orðin fimm og þá var komið að föstum liðum.



Daginn eftir mættum við í Hlíf, félagsmiðstöð aldraðra á Ísafirði, til að setja upp tæki og tól. Þar tóku á móti okkur Svanhildur Björg Másdóttir, tengiliður okkar við Vestfirðina og Arnór Jónasaron forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar. Örn byrjaði á að kynna starfsemi félagsins með glærusýningu og tilheyrandi spjalli, og að henni lokinni renndi hann jólatré og skál til sýnis. Þarna mættu 20 manns á ýmsum aldri og var einn gesturinn ca tíu ára en hann stoppaði stutt. Þegar hann yfirgaf salinn spurði Örn hann hvort þetta væri ekki skemmtilegt, það stóð ekki á svarinu; nei. Af þessum 20 gengu fjórir gestir í félagið. Um fjögur leytið var kynningunni lokið að frágangi meðtöldum.



Á Þingeyri.

Og svo varð klukkan orðin fimm...



Daginn eftir var komið að Suðureyri og Þingeyri. Við vorum mættir á Suðureyri á undan áætlun í Sunnuhvol sem er aðstaða eldri borgara í bænum. Þar tók á móti okkur Rósa Guðrún Linnet, forstöðumaður Sunnuhvols.

Kynningin hófst klukkan eitt og þar mættu sjö manns. Allt fór fram eins og til stóð, Örn með kynningu og rennismíði til

að sýna. Þegar við höfðum lokið okkur af á Suðureyri var haldið til Þingeyrar og vorum við komnir þangað um þrjúleytið. Þar tók Gunnar Ólafsson, bankastjóri Blábankans á móti okkur. Blábankinn er nýsköpunar- og samsfélagsmiðstöð Þingeyrar. Þar mættu hvorki meira né minna en átta manns og þar náðum við í þrjá nýja féлага. Örn hélt uppteknum hætti með kynningu og rennismíði við mjög góðar undirtektir. Rúmlega fimm var þessu lokið á Þingeyri og var þá haldið í náttuga í Herkastalann á Ísafirði. Þegar þangað var komið var klukkan að sjálfsögðu orðin fimm.



Daginn eftir var haldið af stað í birtingu til Hólmavíkur. Við mættum þar um hádegisbil og náðum þar að pulsa okkur upp áður en haldið var í félagsheimilið á Hólmavík þar sem Hrafnhildur Skúladóttir, íþrótt- og tólmstundafulltrúi tók á móti okkur. Tæki og tól voru standsett og þar mættu 20 fullorðnir, þar af fjórar konur sem komu alla leið frá Reykhólum. Þar náðum við í einn nýjan féлага. Rúsinan í pulsuendanum var svo að átta, sex og sjö ára, krakkar sem voru í skóladagvist mættu líka. Þau voru mjög áhugasöm, ekki um kynninguna hans Arnar heldur vakti rennismíðin mikla athygli og áhuga þeirra. Örn renndi jólatré og skál og gaf þeim hvort tveggja að kynningunni lokinni. Eftir kynninguna var gengið frá og svo kaffi og með því. Haldið var svo til Reykjavíkur eftir vel heppnaða og skemmtilega ferð. Þennan dag varð klukkan ekki fimm.



Í skúr á Ísafirði.



Á Suðureyri.



Hólmavíkurfundur



Fyrirlestur á Suðureyri.



Þær komu frá Reykhólum til Hólmavíkur.



Veitingar á Hólmavík.



Verk á Suðureyri.



Börnin komu líka á Hólmavíkur.

NÆSTI FUNDUR 25. NÓVEMBER KL. 10:00



Fundir eru haldnir á smíðaverkstæði Fjölbrautarskólans í Breiðholti við Hraunberg.

Fundir eru síðasta laugardag í september, október og nóvember 2023. Svo aftur síðasta laugardag í janúar, febrúar og mars 2024.

Undir loka apríl mánaðar er venjan að fara í dags ferðalag þar sem gjarnan er litið við hjá hagleiks mönnum og konum.

FYRIR OG EFTIR FUND

Fundir eru ekki bara að storma inn í salinn og hlamma sér niður. Nei, því fundir Félags trérennismiða eru haldnir í smíðastofu trésmíðadeildar Fjölbrotarskólans í Breiðholti. Fundardagurinn er síðasti laugardagur mánaðar frá september til apríl og fundir hefjast kl.10 árdegis.

Vösk sveit félaga mætir snemma til undirbúnings því færa þarf hefilbekki ofl. og raða í staðinn stólum félagsins og setja upp annan fundarbúnað. Annar fundarbúnaður er til að mynda búnaður til að skila mynd og hljóði af öllu sem fram fer á tjald og í hljóðkerfi. Þetta góða kerfi gerir þeim sem aftast sitja í sál jafn auðvelt að fylgjast með því sem verið er að gera í rennibeknum og þeim sem næst sitja. Flestir félagsmenn fara að fundi loknum í kaffi og vinarbrauð hjá Sigurði Má í kaffistofunni en morgunhanarnir byrja að ganga frá stólum og koma hefilbekkjum fyrir, hverjum á sínum stað.



Stólaramir Ómar Bjarnason og Guðmundur J. Thorarensen að störfum en Siggí Guðna fyrir aftan ljósmyndarann.

HÁGÆÐA VÖRUÚRVAL

Saman finnum við réttu
lausnina handa þér



Sil-Air loftpressa

Meðfærileg, létt
og afar hljóðlát
(40dB) loftpressa.



Lím og þéttiefni

Eigum til gott
úrval af lím og
þéttiefnum frá
Otto Chemie.

JARN&GLER

Skútuvegur 1h 104 Reykjavík ☎ 585 8900 ✉ jarngler@jarngler.is

www.jarngler.is

OTTO
CHEMIE
SEALING & BONDING



ÁSKORUN ANDRA SNÆS

Á september fundinum kynnti félagi Andri Snær hugmynd sína og áskorun á félagi að hafa ákveðið þema eða verkefni sem félagar renni í áskorunarmánuði

og komi með á næsta fund. Þátttakendur fara í pott sem dregið er síðan úr á fundinum og sá heppni fær vinnig að launum. Þetta er ekki keppni, allir hafa jafna möguleika og allir hvattir til að taka þátt, alveg óháð reynslu. Andri kennir á námskeiðum hjá Handverkshúsinu og fékk þá til að leggja til fyrsta vinninginn sem er frábær boxskafa. Andri Snær er þegar tilbúinn með vinnig næsta mánaðar en það er renniefni sem hann leggur til.



Olafur tekur við rennijárninu úr höndum Andra Snæs.

Verkefni fyrir október mánuð var að renna box með loki og laugardaginn 28. október komu mjög margir félagar með box sín og sýndu. Sá heppni sem hlaut rennijárnið að gjöf var Ólafur Þ. Guðmundsson.



Áskorunin fyrir nóvember fundinn þann 25. nóvember er kertastjaki enda fer vel á því í aðdraganda Aðventunnar.

A large advertisement for Hultafors tools. The background is a wooden wall. In the center is a black toolbox filled with various tools like a level, a saw, a hammer, and a wrench. The Hultafors logo is visible on the toolbox. In the top right corner, there is a red box with the text 'vfs.is'. In the bottom right corner, there is a red box with the text 'VERKFÆRA SALAN'. At the bottom, there is a line of text listing store locations and contact information.

Hultafors
Handverkfæri í úrvali

vfs.is

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

FUNDARBÚNAÐUR OG ÚTSENDINGAR


Hverjum fundi Félags trérennismiða er varpað á stórt tjald í fundarsal og tal mælenda fer í góða hátalara svo allir fundaramenn geti fylgst með því sem fram fer. Á hverjum fundi er unnið í rennibekk, járn brýnd, yfirborðsmeðferð kynnt og rædd o.s.frv. og til þess að allir njóti er efninu varpað á stórt tjald þannig að þeir sem aftast sitja sjái jafn vel og þeir sem fremst eru.

Þessu til viðbótar hefur nú verið komið af stað beinum útsendingum frá fundunum og má nálgast þær á Fésbókarsíðu félagsins sem heitir því einfalda nafni Trérennismiðir.

Tæknistjóri og meistari útsendinganna er félagi Sigurður Harðarson.



Meistari útsendinganna Sigurður P. Harðarson.



Útsendingarborðið.



Mynd- og hljóðstjórn og Andri Snær að renna.



Meistari Sigurður að störfum.



NÁMSKEIÐ

BRÝNSLA

RENNIJÁRN

RENNIBEKKIR

PATRÓNUR

ÍHLUTIR

YFIRBORÐSEFNI

HANDVERKS
HUSIÐ

TRÉRENNSLI HEFUR VERIÐ OKKAR ÆR OG KÝR SÍÐAN 1996

HANDVERKSHÚSIÐ RAUÐAGERÐI 25
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 12-16
ALLTAF OPIÐ Á HANDVERKSHUSID.IS

ÚR STARFINU



Háir sem lágir.



Allskonar box með loki.



Píllubox.



Enn meira af boxum.

Röggi ehf.

Smiðshöfða 12. 110 Reykjavík

Sími 5868000 www.roggi.is

verslun@roggi.is

Þjónusta við Iðnaðinn

Trésmíðavélar, borvélar, Rennibekkir, loftpressur, Bandsagarblöð, sagarblöð, fræsiverkfæri, þvingur, borar, rennijárn, sporrjárn.

Öllverð á heimasíðu www.roggi.is



LEIÐRÉTTING

Í september blaðinu urðu þau leiðu mistök á forsiðu að nafn Stendórs Vilhelms Guðjónssonar misritaðist og hann gerður Vilhelmsson. Beðist er velvirðingar á þeim mistökum.

STJÓRN FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

ÖRN RAGNARSSON, *formaður*
GUÐMUNDUR JÓN STEFÁNSSON (Muggi), *gjaldkeri*
MAGNÚS KRISTMANNSSON
ANDRI SNÆR ÞORVALDSSON
BJARNI ÞÓR KRISTJÁNSSON



Hnota - Hlynur
Birki - Eik o.m.fl

Innviðir

Harðviður

Þú færð
efniviðinn
hjá okkur.

Láttu sjá þig
við tökum
vel á móti
þér.



Smiðjuvegur 36 rauð gata S.564-3636

RENNIÁSKORUN JANÚAR 2024

SKOPPARAKRINGLA

UM ÁSKORUNINA:

- Fyrir félaga sem greitt hafa árgjald
- Verkefnið rennt í áskorunarmánuði
- Þetta er ekki keppni
- Koma með verkefnið á fund 27.jan.
- Allir þátttakendur fara í pott og vinningshafi er dreginn af handahófi
- Allir fá sitt nafn einu sinni í pottinn, óháð fjölda verkefna sem voru rennd.
- Allir hafa því jafna möguleika, byrjendur sem og lengra komnir

Ekki var búið að ákveða vinning þegar þetta fór í prent en hann verður eflaust ekki af verri endanum! Tilkynnist þegar nær dregur.

Fjöldi skopparakringla hvers þátttakanda er frjáls, en minnum þó á að hvert nafn fer einu sinni í pottinn fyrir þátttöku, óháð fjölda gripa.



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI